



Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð

***Efni: Breytingar á reglum um styrkveitingar***

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 26. nóvember 2019 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 20. nóvember 2019, ásamt drögum að breyttum reglum um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur vegna styrkja í A-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Látum draumana rætast og nógildandi reglum um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs vegna styrkja í A-hluta og B-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Látum draumana rætast:

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur eftirfarandi til vegna úthlutunar styrkja í þróunar- og nýsköpunarsjóði skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur Látum draumana rætast vegna skólaársins 2020-2021:

1. Umsóknarfrestur til að sækja um í A-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs verði til og með 15. mars 2020.
2. Styrkir til verkefna sem sótt er um í B-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs og úthlutunarnefnd gerir tillögu um að fá styrk verði að lágmarki 4.000.000 kr. og að hámarki 8.000.000 kr.
3. Umsóknarfrestur til að sækja um í B- hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs verði til og með 1. mars 2020.
4. Styrkir í þróunar- og nýsköpunarsjóð verði auglýstir til umsóknar eigi síðar en í byrjun janúar 2020.

Enn fremur eru lagðar til meðfylgjandi breytingar á reglum um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur vegna styrkja í þróunar- og nýsköpunarsjóði skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur Látum draumana rætast.

Greinargerð fylgdi.

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs var samþykkt og vísað til borgarráðs.  
Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Tillaga ásamt greinargerð, dags. 20. nóvember 2019

Drög að breyttum reglum, ódags.

Núgildandi reglur vegna styrkja í A og B hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs, ódags.

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

***Efni: Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um breytingar á reglum um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur vegna styrkja í þróunar- og nýsköpunarsjóði skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur Látum draumana rætast***

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur eftirfarandi til vegna úthlutunar styrkja í þróunar- og nýsköpunarsjóði skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur Látum draumana rætast vegna skólaársins 2020-2021:

1. Umsóknarfrestur til að sækja um í A-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs verði til og með 15. mars 2020.
2. Styrkir til verkefna sem sótt er um í B-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs og úthlutunarnefnd gerir tillögu um að fái styrk verði að lágmarki 4.000.000 kr. og að hámarki 8.000.000 kr.
3. Umsóknarfrestur til að sækja um í B- hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs verði til og með 1. mars 2020.
4. Styrkir í þróunar- og nýsköpunarsjóð verði auglýstir til umsóknar eigi síðar en í byrjun janúar 2020.

Enn fremur eru lagðar til meðfylgjandi breytingar á reglum um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur vegna styrkja í þróunar- og nýsköpunarsjóði skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur Látum draumana rætast.

### **Greinargerð:**

#### **Þróunar- og nýsköpunarsjóðurinn „Látum draumana rætast“ 2019-2020.**

Í tengslum við samþykkt borgarstjórnar á Menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“ var tekin sú ákvörðun í borgarstjórn að stórauka framlög til þróunarstarfs í skóla- og frístundastarfi borgarinnar eða úr 40 milljónum árið 2018 í 200 milljónir árið 2019. Samhliða var lögð áhersla á að breyta reglum um þróunarsjóð í anda þess sem segir í menntastefnu:

Menntastefna Reykjavíkurborgar hvetur okkur til að þróa skóla- og frístundastarf í skapandi lærdómssamfélag sem mætir þörfum 21. aldarinnar. Stefnan hverfist um börnin, þarfir þeirra og velferð í nútíð og framtíð en um leið valdeflingu starfsfólks og aukna fagmennsku í skóla- og frístundastarfi.


Nýjar reglur vegna þróunar- og nýsköpunarsjóðsins „Látum draumana rætast“ voru samþykktar í skóla- og frístundaráði á 153 fundi ráðsins 12. febrúar 2019. Reglurnar ná til styrkja vegna [A-hluta verkefna](#) annarsvegar og [B-hluta verkefna](#) hinsvegar. Skipting fjármagns var þannig:

- A hluti - 150 milljónir. Úthlutað til einstaka skóla, frístundamiðstöðva og skólahljómsveita út frá einföldu og skýru umsóknarferli. Fjárhæðir styrkja voru ákveðnar út frá reiknireglu sem annars vegar tók til fjölda árlegra stöðugilda og svo barnafjölda. Umsóknarfrestur var til 1. apríl. Allar starfsstöðvar sviðsins, sendu inn umsókn og var styrkjum úthlutað til þeirra allra í samræmi við fyrirliggjandi regluverk.
- B hluti – 50 milljónum var úthlutað til stærri samstarfsverkefna. Í stærri samstarfsverkefnum er gerð krafa um þverfaglegt samstarf á milli starfseininga s.s. eins og milli skólastiga, frístundamiðstöðva, skólahljómsveita eða annarra skóla eða starfsstaða innan sem utan hverfis. (sem dæmi, leikskóli, grunnskóli og skólahljómsveit annarsvegar eða sem dæmi tvær frístundamiðstöðvar með öll sín frístundaheimili hinsvegar). Umsóknarfrestur var framlengdur til 8. apríl.

Litið var á umsóknarferlið sem lærdómsferli í sjálfu sér og fengu stjórnendur stuðning og leiðsögn við að sækja um styrki. Útbúið var rafrænt umsóknarkerfi fyrir A hluta umsóknir en umsóknareyðublaði vegna B hluta verkefna var breytt í anda nýrrar menntastefnu. Allar upplýsingar um sjóðinn, reglur, leiðbeiningar og umsóknareyðublöð er að finna hér <https://reykjavik.is/latum-draumana-raetast-throunar-og-nyskopunarsjodur>


171 umsókn barst um styrki í A- hluta og skiptast á milli skóla- og frístundastarfsins eins og segir á myndinni hér fyrir neðan:

## 171 umsókn í A-hluta!



Sérstaka athygli vakti að flestir sóttu um styrk vegna verkefna sem tengjast grundvallarþáttunum félagsfærni og sjálfsefningu eða hátt í 60% ef virkni barna og þátttaka er meðtalin

## Hvaða þættir menntastefnunnar voru settir í fyrsta sæti í umsóknum?



40 umsóknir bárust í B-hluta sjóðsins að upphæð 200 milljónir króna. 18 verkefni hlutu styrk að upphæð samtals fimmtíu milljón króna. Nánari upplýsingar um þau verkefni sem hlutu styrk er að finna á nýrri [heimasíðu menntastefnunnar](https://menntastefna.is/throunarsjodur/) <https://menntastefna.is/throunarsjodur/>

## Sýn stjórnenda og starfsfólks á fyrirkomulag styrkja fyrir árið 2019-2020.

Leitað var eftir athugasemdum frá stjórnendum og starfsstöðum vegna fyrirkomulags styrkjanna fyrir yfirstandandi skólaár. Kallað var eftir athugasemdum frá skólastjórum grunnskóla, málið tekið fyrir í samráði leikskólastjóra og á fundi með framkvæmdastjórum frístundamiðstöðva. Einnig var hringt handahófskennt í nokkra starfsstaði auk þess sem fyrirkomulagið hefur verið rætt óformlega í samtölum við stjórnendur og starfsfólk m.a. í heimsóknum, á námskeiðum og kynningum sem haldnar hafa verið. Hér fyrir aftan verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum:

### A-hluti:

- Stjórnendur voru almennt sammála um að æskilegt væri að viðhalda að stærstum hluta því fyrirkomulagi sem var á úthlutun A-hluta styrkja á næsta skólaári. Almennt er talið að styrkir séu mikil innspýting inn í starfið, auðveldi stjórnendum að beina sjónum markvisst að þáttum menntastefnunnar og innleiðingu hennar. Þá kemur fram að með styrkjunum skapist betra svigrúm hjá starfsfólki til að vinna að innleiðingu stefnunnar og tengja við daglegt starf með börnunum. Þá var í svörum frá stjórnendum lögð áhersla á að með A-hluta styrkjunum væri tryggt jafnræði á milli starfsstaða og þannig fengju allir tækifæri til að hefja innleiðingu menntastefnunnar. Fram kom að grunnskólastjórum þótti skiptingin milli grunnskóla, leikskóla og frístundastarfs ósamngjörn t.d. ef miðað er við rekstrarfé skólanna og þann tíma sem nemendur verja í grunnskóla og frístundastarfi. Nánar um A-hluta verkefni <https://menntastefna.is/throunarsjodur/styrkt-verkefni-a-hluti/>

### B-hluti:

- Mikill kraftur er í mörgum B-hluta verkefnum sem þegar eru farin af stað. Hinsvegar hefur komið fram að verkefnið hefðu mátt vera færri og stærri en raunin varð. Sérstaklega telja stjórnendur erfitt að fara af stað með verkefni sem fengu mun lægri úthlutun heldur en sótt var um. Mikil áhersla er lögð á að umsóknarfresturinn verði fyrr á árinu og styrkjaumsóknir afgreiddar í tæka tíð áður en huga þurfi að ráðningu starfsfólks og vinna stundatöflur fyrir haustið 2020. Stjórnendur telja að allt of stuttur frestur hafi verið gefinn til að sækja um á þessu ári og að afgreiðsla á niðurstöðum hafi dregist of lengi sem hafi m.a. komið í veg fyrir að hægt væri að staðfesta ráðningu á verkefnastjórum. Þá koma fram vissar áhyggjur af því að ekki standi allir stjórnendur jafnfætis þegar kemur að því að vinna stærri styrkjaumsóknir og því mikilvægt að tryggja samræðu og stuðning við stjórnendur í umsóknarferlinu. Í leikskólastjórahópnum kom fram að það þyrfti sennilega aðeins lengri tíma til að komast vel af stað áður en allt færi í samkeppnissjóð (B-hluta). Einhverjir veltu fyrir sér hvort breyta ætti eða fella úr reglum kröfur um samstarf á milli starfsstaða þar sem gætu komið fram góðar hugmyndir að verkefnum sem ekki fela í sér samstarf. Þá kom einnig fram að mikil vinna fari í það að búa til umfangsmiklar samstarfsumsóknir og ekki gott ef það eru miklu fleiri að vinna í slíkum umsóknum yfir veturinn heldur en síðan fá styrk. Nánar um B-hluta verkefni <https://menntastefna.is/styrkt-verkefni-b-hluti/>

Að lokum er gott að áréttu ánægju stjórnenda almennt með þá ákvörðun skóla- og frístundaráðs að auka fjármagn til þróunar- og nýsköpunarstarfs á grundvelli menntastefnu og að markvisst þyrfti að halda áfram að auka þetta fjármagn.

### Undirbúningur styrkjafyrirkomulags skólaárið 2020-2021

Það er tímafrekt ferli sem krefst samstarfs margra að vinna reglur, eyðublöð, leiðbeiningar, drög að greinagerðum, skipuleggja og vinna úr störfum valnefnda og setja upp viðmið fyrir styrkveitingar. Þá fer mikil undirbúningsvinna fram á starfsstöðum sem eru að vinna að styrkjaumsóknum og undirbúa verkefni. Í ljósi þessa teljum við mikilvægt að ákvörðun um fyrirkomulag styrkja úr þróunar- og nýsköpunarsjóði fyrir skólaárið 2020-2021 liggi fyrir sem fyrst þannig að hægt verði að auglýsa eftir

umsóknnum með nægum fyrirvara. Ef markmiðið er að gera breytingar á fyrirkomulagi reglna um A og B hluta sjóðsins þarf sú ákvörðun enn fremur að liggja fyrir sem allra fyrst til að hægt verði að undirbúa ferlið sem best og með góðum fyrirvara.

Framkvæmdastjórn skóla- og frístundasviðs telur að fyrirkomulag styrkveitinga við upphaf innleiðingar Menntastefnu hafi verið afar mikilvægt verkfæri til að hefja innleiðingu stefnunnar í allt skóla- og frístundastarfið. Framkvæmdastjórn telur mikilvægt að gefa áfram öllum starfsstöðum færi á að vinna að þróunar- og nýsköpunarstarfi á grundvelli þeirrar ákvörðunar borgarstjórnar Reykjavíkur að „rík áhersla sé lögð á að fagfólk á vettvangi í skóla- og frístundastarfi útfæri stefnuna miðað við aðstæður á hverjum stað, í náinni samvinnu sín á milli, í samstarfi við aðra fagaðila og síðast en ekki síst með virkri þátttöku barna og unglinga“ eins og kemur fram í almennum aðgerðum við samþykkt stefnunnar.



## Þróunarstyrkir

*Reglur um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur vegna styrkja í A hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur „Látum draumana rætast“.*

1. Tilgangur styrkveitinganna er að stuðla að þróunar- og nýsköpunarstarfi á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, í leikskólastarfi, grunnskólastarfi og frístundastarfi. Með verkefnum er átt við þróunar- og nýsköpunarverkefni sem stuðla að fagmennsku, auknu samstarfi og styðja við rannsóknir. Verkefnin styðji við eða stuðli að bættu fagstarfi með aukinni þátttöku barna og unglinga á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs. Árleg framlög eru ákveðin í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar. Styrkir eru veittir í samræmi við þær áherslur sem lagðar eru fram í Menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“.
2. Forsenda styrkveitingar er að þróunar- og nýsköpunarverkefni byggji á Menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“ þar sem leiðarljósín eru virkni og þátttaka barna, fagmennska og samstarf.
3. Í heild verði allt að 150 milljónum úthlutað til allra leikskóla, grunnskóla, frístundamiðstöðva og skólahljómsveita fyrir skólaárið út frá einföldu og skýru umsóknarferli. Fjárhæðir styrkja eru ákveðnar út frá reiknireglu sem tekur til fjölda árlegra stöðugilda, barnafjölda og rekstrarumfangs á hlutaðeigandi starfsstað.
4. Fulltrúar frá fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs yfirfara umsóknir og upplýsa fjármáladeild um niðurstöður styrkveitinga.
5. Umsóknir skulu hafa borist skrifstofu skóla- og frístundasviðs fyrir auglýstan umsóknarfrest ár hvert og skal umsóknum skilað á sérstöku umsóknarformi. Umsóknarform og upplýsingar um tilhögun úthlutunar er að finna á heimasíðu skóla- og frístundasviðs.
6. Umsóknir eru yfirfarnar með hliðsjón af a) tengingu við Menntastefnu Reykjavíkur b) markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð; c) hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf; d) væntanlegum árangri og ávinningi fyrir skóla- og frístundastarf. Ef umsókn uppfyllir ekki skilyrði fær umsækjandi hálfan mánuð til að gera nauðsynlegar úrbætur.
7. Lokauppgjör á sér stað þegar styrkþegi hefur skilað greinagerð um verkefnið eigi síðar en þann 1. júní ár hvert samkvæmt skilmálum um skil greinagerðar sem er að finna á heimasíðu skóla- og frístundasviðs.
8. Greiðslur úr sjóðnum skulu að jafnaði vera þannig að við upphaf verkefnis er 2/3 styrksins greiddur út og 1/3 við skil greinagerðar.
9. Skóla- og frístundasvið getur óskað eftir því við styrkþega að þeir kynni verkefni sín. Gerð skal grein fyrir verkefninu í starfsáætlun ásamt áætlun um það hvernig það tengist innleiðingu Menntastefnu.



10. Skóla- og frístundasvið leggur skýrslu fyrir skóla- og frístundaráð þar sem gerð er grein fyrir úthlutunum. Jafnframt skal leggja fram í skóla- og frístundaráði yfirlit yfir þau verkefni sem er lokið.





## Þróunarstyrkir

*Reglur um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur vegna styrkja í B hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur „Látum draumana rætast“.*

1. Tilgangur styrkveitinganna er að stuðla að þróunar- og nýsköpunarstarfi á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, í leikskólastarfi, grunnskólastarfi og frístundastarfi. Með verkefnum er átt við þróunar- og nýsköpunarverkefni sem stuðla að fagmennsku, auknu samstarfi og styðja við rannsóknir. Verkefnin styðji við eða stuðli að bættu fagstarfi með aukinni þátttöku barna og unglinga á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs. Árleg framlög eru ákveðin í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar. Styrkir eru veittir í samræmi við þær áherslur sem lagðar eru fram í Menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“.
2. Forsenda styrkveitingar er að um samstarfsverkefni sé að ræða. Verkefnin byggja á Menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“ þar sem leiðarljósinn eru virkni og þátttaka barna, fagmennska og samstarf.
3. Skóla- og frístundaráð skipar úthlutunarnefnd sem fer yfir allar umsóknir og metur þær. Í henni eiga sæti 3 fulltrúar frá fagskrifstofu leik-, grunn- og frístundamála SFS og fulltrúar fagfélaga, stjórnenda og háskólasamfélagsins í hverjum málaflokki. Nefndin gerir tillögur til skóla- og frístundaráðs um hvaða verkefni fá styrk og um styrkupphæð.
4. Árleg framlög eru ákveðin í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar. Styrkur felur ekki í sér framtíðarskuldbindingu fyrir borgarsjóð. Ekki er gerður styrkjasamningur til meira en eins árs í senn.
5. Umsóknir skulu hafa borist fyrir auglýstan umsóknarfrest ár hvert og skal umsóknum skilað á sérstöku umsóknarformi. Umsóknarform og upplýsingar um tilhögun úthlutunar ár hvert er að finna á heimasíðu skóla- og frístundasviðs.
6. Verkefni verða að vera styrkhæf skv. styrkjareglum Reykjavíkurborgar og reglum hlutaðeigandi ráðs. Allir sem njóta styrkja borgarinnar skulu kynna sér stefnumörkun borgarinnar og er áskilið af hálfu borgarinnar að þeir hlíti henni. Reglur Reykjavíkurborgar gilda um styrki skóla- og frístundaráðs.
7. Starfsstaðir skóla- og frístundasviðs geta sótt um styrki til þróunar- og nýsköpunarverkefna. Þeir geta haft til samstarfs í verkefninu sjálfstætt starfandi leik-, grunn- og listaskóla eða aðra. Gerð er krafa um þverfaglegt samstarf á milli starfseininga s.s. eins og milli skólastiga, frístundamiðstöðva, skólahljómsveita eða annarra skóla eða starfsstaða innan sem utan hverfis.
8. Gera skal grein fyrir því hvernig verkefnið tengist rannsóknnum eða samstarfi við háskólasamfélagið, hvers konar samstarfi/teymishugsun verkefnið byggja á, og hvernig nýta á hringferli stöðugra umbóta og þróunar með það að markmiði að byggja upp lærdómssamfélag.



9. Umsóknir eru metnar með hliðsjón af a) tengingu við Menntastefnu Reykjavíkur b) markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð; c) hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf; d) væntanlegum árangri og ávinningi fyrir skóla- og frístundastarf. Úthlutunarnefndinni er heimilt að leita umsagna eða álits annarra aðila eftir því sem hún telur þörf á. Ef umsókn uppfyllir ekki skilyrði fær umsækjandi hálfan mánuð til að gera nauðsynlegar úrbætur.
10. Skóla- og frístundasvið og hver styrkþegi gera með sér skriflegan samning um verkefnið sem hlýtur styrk þar sem fram koma m.a. skilgreindir áfangar og tímasetningar, umsjónarmenn og áætluð verklok. Einnig skal tilgreindur heildarfjárstyrkur til verksins, hvernig staðið skuli að greiðslum og lokauppgjöri. Lokauppgjör á sér stað þegar styrkþegi hefur skilað skýrslu um verkefnið (sjá nánar um skýrslugerð á heimasíðu skóla- og frístundasviðs). Sé skriflegur samningur ekki undirritaður 6 mánuðum eftir úthlutun er litið svo á að styrkþegi hafni styrknum.
11. Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til að rifta samningum, afturkalla styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu styrkþega. Þ.m.t. að lokaskýrslu og yfirliti yfir ráðstöfun styrkfjár er ekki skilað.
12. Greiðslur úr sjóðnum skulu að jafnaði vera þannig að við upphaf verkefnis er 2/3 styrksins greiddur út og 1/3 þegar lokaskýrsla eða áfangaskýrsla í þeim verkefnum sem ná yfir lengri tíma, hefur verið samþykkt.
13. Skóla- og frístundasvið getur óskað eftir því við styrkþega að þeir kynni verkefni sín. Styrkþegi skal skila skrifstofu borgarstjórnar og hlutaðeigandi fagsviði greinargerð um ráðstöfun styrkjar eigi síðar en 2 mánuðum eftir að verkefni lýkur eða skv. ósk Reykjavíkurborgar þar um á þar til gert eyðublað. Gera skal grein fyrir verkefninu í starfsáætlun ásamt áætlun um það hvernig það tengist innleiðingu Menntastefnu.
14. Árlega skal úthlutunarnefndin leggja skýrslu fyrir skóla- og frístundaráð þar sem gerð er grein fyrir úthlutunum síðastliðið reikningsár. Jafnframt skal úthlutunarnefnd leggja fram árlega yfirlit yfir þau verkefni sem er lokið ásamt yfirliti yfir ráðstöfun styrkfjár frá styrkþega auk lokaskýrslu styrkþega.



## Þróunarstyrkir

*Reglur um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur vegna styrkja í A hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur „Látum draumana rætast“.*

1. Tilgangur styrkveitinganna er að stuðla að þróunar- og nýsköpunarstarfi á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, í leikskólastarfi, grunnskólastarfi og frístundastarfi. Með verkefnum er átt við þróunar- og nýsköpunarverkefni sem stuðla að fagmennsku, auknu samstarfi og styðja við rannsóknir. Verkefnin styðji við eða stuðli að bættu fagstarfi með aukinni þátttöku barna og unglunga á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs. Árleg framlög eru ákveðin í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar. Styrkir eru veittir í samræmi við þær áherslur sem lagðar eru fram í Menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“.
2. Forsenda styrkveitingar er að þróunar- og nýsköpunarverkefni byggji á Menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“ þar sem leiðarljósinn eru virkni og þátttaka barna, fagmennska og samstarf.
3. Í heild verði allt að 150 milljónum úthlutað til allra leikskóla, grunnskóla, frístundamiðstöðva og skólahljómssveita fyrir skólaárið 2019-2020 út frá einföldu og skýru umsóknarferli. Fjárhæðir styrkja eru ákveðnar út frá reiknireglu sem annars vegar tekur til fjölda árlegra stöðugilda og svo barnafjölda á hlutaðeigandi starfsstað.
4. Fulltrúar frá fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs yfirfara umsóknir og upplýsa fjármáladeild um niðurstöður styrkveitinga.
5. Umsóknir skulu hafa borist skrifstofu skóla- og frístundasviðs fyrir 1. apríl 2019 og skal umsóknum skilað á sérstöku umsóknarformi. Umsóknarform og upplýsingar um tilhögun úthlutunar er að finna á heimasíðu skóla- og frístundasviðs.
6. Umsóknir eru yfirfarnar með hliðsjón af a) tengingu við Menntastefnu Reykjavíkur b) markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð; c) hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf; d) væntanlegum árangri og ávinningi fyrir skóla- og frístundastarf. Ef umsókn uppfyllir ekki skilyrði fær umsækjandi hálfan mánuð til að gera nauðsynlegar úrbætur.
7. Lokauppgjör á sér stað þegar styrkþegi hefur skilað greinagerð um verkefnið eigi síðar en þann 1. júní 2020 samkvæmt skilmálum um skil greinagerðar sem er að finna á heimasíðu skóla- og frístundasviðs.
8. Greiðslur úr sjóðnum skulu að jafnaði vera þannig að við upphaf verkefnis er 2/3 styrksins greiddur út og 1/3 við skil greinagerðar.
9. Skóla- og frístundasvið getur óskað eftir því við styrkþega að þeir kynni verkefni sín. Gerð skal grein fyrir verkefninu í starfsáætlun fyrir árið 2019-2020 ásamt áætlun um það hvernig það tengist innleiðingu Menntastefnu.
10. Skóla- og frístundasvið leggur skýrslu fyrir skóla- og frístundaráð þar sem gerð er grein fyrir úthlutunum. Jafnframt skal leggja fram í skóla- og frístundaráði yfirlit yfir þau verkefni sem er lokið.

